

Ed. .

226. Nefndarálit

[55. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta til meðferðar og ekki orðið sammála. Við, sem skipum minni hluta nefndarinnar, getum ekki fallist á frumvarpið. Ber þar ýmislegt til. Frumvarp þetta er flutt í sambandi við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar samkvæmt bráðabirgðalögunum frá 21. ágúst s. l. Með þessum lögum eru verðbætur á laun lækkaðar og skorinn niður launakostnaður fyrirtækja. Hins vegar er með þessu frumvarpi aukinn launakostnaður fyrirtækja. Ekki er hægt að bera ábyrgð á slíkum látbragðsleik ríkisstjórnarinnar og er því þegar af þessari ástæðu lagt til að setið verði hjá við afgreiðslu frumvarps þessa.

Alþingi, 17. des. 1982.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Salome Þorkelsdóttir.